



# Íslenska Landhelgisgæslan, úr dagbók V/S Ægis 1937-1938

---

Bjarni Benediktsson Íslenska Landhelgisgæslan, úr dagbók V/S Ægis 1937-1938

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-7, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÚR DAGBÓK V/S AEGIS 1937 - 1938.

Mánudaginn 22. nóv. 1937 kl. 2400. Stöðvað á ytri höfninni í Reykjavík. Varðskipið kom til Reykjavíkur að vestan með togarann VÖRD í drætti, en hann var með brotna skrúfu.

Þriðjudaginn 23. nóv. 1937 kl. 0015. Siglt inn á ytri höfnina og bundið utan í e.s. SELFOSS.

Miðvikudaginn 24. nóv. 1937 kl. 0700. Byrjuð vinna: 2 véldælur + 8 slöngur og fleira þeim tilheyrandi svo og allur kafaraútbúnaður og 175 faðmar af dráttarvír sett um borð í v/s ÞÓR. AEGIS síðan lagt við Hauksbryggju og bundið vel. 1500: Hásetar og matsveinar afskráðir.

Frá 24. nóv. til 25. desember 1937. Skipið í lægi við Hauksbryggju í Reykjavíkurhöfn. Yfirmenn ýmist vinna eða standa vörð á daginn. Sumir háseta á verði um nætur.

Sunnudaginn 26. des. 1937. Skipið á sama stað við Hauksbryggju í Reykjavíkurhöfn. Um kl. 2000 var byrjað að safna saman skipverjum vegna væntanlegrar brottfarar til björgunartilraunar við togarann REGAL, sem strandaður var við Gerðahólma.

Mánudaginn 27. des. 1937. Skipið við Hauksbryggju. Einar M. Einarsson fór af skipinu og Jóhann P. Jónsson tók við skipstjórninni í staðinn. Kl. 0345: Byrjað að leysa landfestar, færa skipið, taka um borð útbúnað og kl. 0609 siglt. Kl. 0845 við togarann REGAL GY-245 þar sem hann var strandaður. Síðan unnið allan daginn að björgunartilraunum.

Þriðjudaginn 28. des. 1937. Unnið áfram að björgunartilraunum við togarann REGAL, GY-245.